

Á morgunverðarfundum skólaráðs 18. mars 2025

Skólaráð bauð foreldrum og forráðamönnum til skrafs og samverustundar þriðjudaginn 18.05 kl. 8.15 – 9.00 þriðjudaginn 18. mars.

Hvað getum við gert til að bæta andlega – og líkamlega líðan?

Hvernig getum við bætt samskipti okkar við aðra?

Hvaða skoðun hefur þú á símafrí á skólatíma?

Spurningarnar tengjast innbyggðis að því leiti að símafrí á skólatíma leiðir til aukinna samskipta nemenda í raunheimum og aukin samskipti og samvera bætir andlega líðan allra (samkvæmt mælingum um hamingju). Andleg vellíðan bætir svo líkamlega líðan.

Niðurstöður samræðna á borðunum:

Hvað getum við gert til að bæta andlega – og líkamlega líðan?

- Borða hollan dag og sofa nóg
- Vera góð við hvert annað
- Tala daglega um líðan heima og í skólanum
- Þjóða börnum í heimsókn og tala saman, ekki láta vera í símanum og tölvunni 😊
- Regluleg hreyfing og samræða – skiptast á skoðunum
- Allir mega vera eins og þau/þeir/ þær eru og vera virðingu fyrir öllum
- Vera jákvæð
- Hittast oft og leika saman
- Skólinn mætti vera skemmtilegri
- Hafa hreyfitíma þar sem allir fara út saman að leika
- Allir í skólanum fari saman út í frímínútur
- Geta komið gangandi eða hjólandi í skólann – hvar eru góðr standar til að geyrma hjól?
- Koma hreyfingu í rútinu
- Kennsla í andlegri heilsu
- Dansa og syngja meira
- Koma upp klifurvegg
- Meiri sköpun og handverk
- Boxpúða í salnum
- Hafa gæludýradag
- Gera góðverk
- Hafa skólaketti – dýr
- Hafa fiskabúr
- Algert símabann!
- Hreyfa sig og umgangast rétta fólkið
- Að eldri nemendur bjóði yngri nemendum í leiki úti

- Hafa klúbba í skólanum eins og í Nýjung – t.d einu sinni í viku í frímó, taflklúbbur, fótboltaborð, borðtennisborð og fl.

Auka svör frá einum hópi sem hét skemmtilegu svörin.

Borða hrossakjöt
 Horfa á gurassicpark
 Fara á hestbak á einhyrningum

Hvernig getum við bætt samskipti okkar við aðra?

- Hafa klúbba eins og í Nýjung
- Hafa fleiri borðspil
- Eldri nemendur finni leiki og bjóði yngri að vera með
- Bekkjarfundir eru gagnlegir
- Almennt að reyna að tala um hlutina
- Með góðri hegðun og tillitsseni
- Með Jákvæðni og frumkvæði
- Tala meira við alla sem eru í kring um okkur
- Hrósa meira
- Tala fallega við aðra, ekki blóta
- Sýna virðingu og brosa
- Halda áfram með stóra valið
- Spila meira í frímínútum
- Hlusta og gefa tíma til að svara
- Vanda orðin sín og sýna öðrum gott viðmót
- Kennarar og skólastjórnendur mættu bæta samkipti sín á milli og sýna fordæmi
- Það þarf að bæta samkipti milli skóla/ kennara og foreldra
- Hafa danskennslu – dansa vikivaka
- Hafa sögustun og horfast í augu
- Hafa frjálssa dansstund t.d. á föstudögum – fyrir alla
- Vera kurteis – foreldrar eiga að kenna börnum sínum það
- Lesa upp borðsiði í heimilisfræðitímum og æfa í leikjum
- Æfa móttöku gesta t.d. í leikriti eða leik

Auka svör frá einum hópi sem hét skemmtilegu svörin.

Í staðin fyrir bréfdúfur getum við notað dreka til að bera skilaboð á milli staða.
 Gefa öllum stóru mannasiðabókina sem Andrésina gaf Andrésí Önd.

Hvaða skoðun hefur þú á símafrí á skólatíma?

- Mér finnst símafrí vera jákvætt en það er mikilvægt að ákveða ramma og reglur um það.
- Mikilvægt að hafa vinnureglur fyrir starfsfólk í kring um símareglur
- Skýra reglur og ásættanlegar fyrir alla
- Ætti líka að vera símafrí heima
- Fínt að hafa símafrí í kennslustundum en mættu nota símana í frímínútum
- Mjög fín því símarnir trufla athygli nemenda
- Mér finnst það góð hugmynd
- Símar eiga ekkert erindi inn í skólana því þeir minnka félgasleg samskipti
- Skólinn á að búa yfir tækjum til að nýta í kennslu
- Mér finnst að símar ættu að eiga að vera í töskum á hljólausri stillingu
- Fræðsla um notkun snjalltækja er nauðsynleg
- Mér finnst að það ætti að leyfa síma í frímínútum og að það hann megi vera á hljóðlausri stillingu í skólatöskunni

Auka svör frá einum hópi sem hét skemmtilegu svörin.

Svo lengi sem drekar mega hafa síma er símafríð fínt.

Í hvert skifti sem einhver sést með síma í skólanum koma hafmeyjar og skvetta á hann vatni.